

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/526*  
*komudagur 15.11.2012*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2012.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt skattskil, 51. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 51.

Samtök atvinnulífsins taka undir viðleitni um bætt skattskil sem fram kemur í umræddri tillögu til þingsályktunar. Í nýju riti samtakanna *Skattstofnar atvinnulífsins – Ræktun eða rányrkja* er lögð áhersla á hóflega skattheimtu og að skattkerfið eigi fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkis og sveitarfélaga. Sé skattheimta þanin út fyrir tiltekin mörk er aukin hætta á tilraunum til skattsvika sem rýrir sjálfa skattstofnana.

Undanskot frá greiðslu lögbundinna skatta leiðir til þess að þeim er refsað sem fara að lögum en bætir samkeppnisstöðu skattsvikara. Ef ekki er brugðist við með viðurlögum við hæfi leiðir það til hærri skatthlutfalla en ella.

Í greinargerð með tillögunni er getið áþaks SA, ASÍ og ríkisskattstjóra sumrin 2011 og 2012 undir kjörorðinu *Leggur þú þitt af mörkum*. Átakið sumarið 2011 leiddi m.a. í ljós verulega misbresti í tekjuskráningu og skilum á virðisaukaskatti hjá smærri og meðalstórum fyrirtækjum. Ennfremur að **skortur er á eftirlitsúrræðum sem beinast að einföldum brotum** á lögbundnu verklagi við tekjuskráningu, skilum á virðisaukaskatti og launatengdum gjöldum. Í skýrslu, dags. 2. nóvember 2011, um átakið og niðurstöður þess er jafnframt að finna tillögur til stjórnvalda og löggjafans um úrbætur.

Umrædd tillaga um gerð aðgerðaráætlunar um bætt skattskil og markviss viðbrögð gegn undanskotum frá sköttum sem lögð verði fram á vori komanda er góðra gjalda verð. Þessu til viðbótar leggja samtökin áherslu á að nú þegar verði gerð gangskör að því að **leiða í lög á yfirstandandi Alþingi þau eftirlitsúrræði sem bent var á í fyrrnefndri skýrslu** og embætti ríkisskattstjóra hefur vakið athygli á. Samtök atvinnulífsins eru reiðubúin að leggja þeirri vinnu lið. Loks leggja samtökin áherslu á að í stað mismunandi kraftmikilla „átaka“ verði forgangsröðun eftirlits breytt frá því að vera „skrifborðseftirlit“ eingöngu í aukna áherslu á vettvangseftirlit.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins